

55 **Brjef landshöfðingja til stipsyfirvaldanna yfir Íslandi um breyting á lántöku-**
 11. maí **leyfi handa prestakalli.** — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 3. þ. m., hafð þjer, herra
 amtmaður, og þjer, herra biskup, látið uppi þóknanlega umsögn yðar um erindi
 prestsins að Hvanneyri, síra Bjarna Þorsteinssonar, þar sem hann beiðist þess
 að skilyrðunum fyrir lántökuleyfi því til húsbýggingar á prestssetrinu, sem hon-
 um var veitt með landshöfðingjabrjefi, 17. febrúar þ. á. (Stj.tíð. 1898, B. bls.
 17—18), verði breytt þannig, að húsið skuli að eins vera járnklætt á þaki, en
 að öðru leyti klætt timbri að utan. Hafð þjer mælt með því að beiðni prests-
 ins verði tekin til greina.

Utaf þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til
 þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir beiðandanum, að jeg hjer-
 með veiti samþykki mitt til hinnar eptiræsktu breytingar á skilyrðunum fyrir
 framangreindu lántökuleyfi.

Lausn frá embætti, embættaskipun m. m.

a. Lausn frá embætti.

26. apríl veitti landshöfðingi *prestinum í Landeyjajöpunum síra Halldóri Ó. Þor-
 steinssyni*, samkvæmt umsókn, lausn frá prestskap, með eptirlaunum eptir lögum 27.
 febr. 1880.

b. Embættaskipun og sjúslaua.

2. apríl skipaði biskup prestinn *síra Jónas Jónasson* á Hrafnagili *reglulegan prófast
 í Eyjafjarðarprófastsdæmi*, samkvæmt kosning sóknarprestanna.

Heiðursmerki.

12. apríl var *hjeraðslæknir í 20. læknishjeraði Þorsteinn Jónsson* allramildilegast
 sæmdur riddarakrossi danneborgsorðunnar, frá 8. s. m. að telja.

Óveitt embætti.

a. Embætti. er ráðgjafinn fyrir Ísland sjer um veiting á.

Lækn sembættið við spítala handa holdsveikum í nánd við Reykjavík. Veitist frá 1.
 oktbr. þ. á. að telja. Árslau 2700 kr.

Auk læknisstarfa við spítalann og yfirumsjón yfir honum, er sá, er embættið fær,
 skyldur til án sjerstaks endurgjalds að taka að sjer kennslu á læknaskólanum í Reykjavík í
 einni eða fleiri kennslugreinum.

Sæki aðrir en Íslendingar um embætti þetta, verða þeir samkvæmt konungsbrjefi 8.
 apríl 1844 og konungsurskurðum 27. maí 1857 og 8. febr. 1863 að láta bónarbrjefum sínum
 fylgja fullnægjandi skilríki fyrir því að þeir kunnir íslenska tungu.

Auglýst laust 25. apríl 1898.

Umsóknarfrestur til 1. júlí 1898.

b. Embætti, er landshöfðinginn yfir Íslandi veitir.

Landeyjajöpun (Kross, Voðmúlastaða og Sigluvíkur sóknir) í Rangárvallaprófastsdæmi.
 Metið 1379 kr. 20 a. Veitist frá fardögum 1898.

Í prestakallinu er uppgjafaprestur, er nýtur eptirlauna samkvæmt lögum 27. fe-
 brúar 1880.

Auglýst laust 2. maí 1898.

Umsóknarfrestur til 13. júní 1898.

Sjúslanin sem 2. kennari við stjrimannaskólann í Reykjavík. Árslau 1000 kr.

Auglýst laust 30. apríl 1898.

Umsóknarfrestur til 1. ágúst 1898.